

Bæjarstjórn - 1944

FUNDARBOÐ

**1944. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, fimmtudaginn 12.
desember 2024 og hefst kl. 15:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2004440 - Hreinsunarátak, iðnaðar- og nýbyggingarsvæði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að farið verði í átak í hreinsun á iðnaðar- og nýbyggingarsvæðum. Mikilvægt er fyrir uppbygging atvinnulífs hér sem annars staðar sé snyrtilegt og umgengni góð. Sama má segja um nýbyggingarsvæði bæjarins eða þar sem framkvæmdir eru í byggðum hverfum. Snyrtilegt umhverfi bætir ímynd bæjarins sem verður eftirsóknarverðara sem valkostur fyrir rekstraraðila og íbúa bæjarins.

2. 2312020 - Óttarsstaðir

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hafin verði vinna við skipulag Óttarsstaða vestan við Straumsvíkur í samvinnu við landeigendur. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er það merkt sem óskipulagt svæði. Aukin eftirspurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsalóðum og grænum svæðum og stækkandi byggð kallar á nauðsyn þess að hafin sé vinna við að móta framtíðarsýn svæðisins með gerð skipulags í samstarfi við íbúa og aðra hagaðila.

3. 2312022 - Útivistar- og almenningsvæði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hafin verði vinna við skipulag Vallanna vegna útivistar og almenningsvæðis á Völlunum samanber tillögur starfshóps þess efnis sem var að störfum vorið 2022. Einnig að áfram verði unnið að grænkun Vallanna.

4. 2312024 - Skilvirkni og styttri biðtími, tillögur og erindi, úttekt

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að gerð verði úttekt á afgreiðslutíma tillagna og erinda hjá Hafnarfjarðarbæ til að finna leiðir til úrbóta til að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma tillaganna og erinda.

5. 2301427 - Opnun Bláfjallavegar

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar undirstrikar enn og aftur mikilvægi Bláfjallavegar sem tengingar Hafnafirðinga og Suðurnesjabúa við skíðasvæðið í Bláfjöllum og einnig er vegurinn mikilvæg öryggisleið ef vá steðjar að. Heimild til lokunar var veitt tímabundið og allnokkrum sinnum hefur bæjarstjórn bókað um opnun vegarins, en ekkert hefur gerst. Kallað verði hið allra fyrsta eftir raunstöðu málsins og hvar málið er stadd af hálfu veghaldara, Vegagerð ríkisins og öðrum þeim sem komið hafa að málinu, svo sem SSH og Heilbrigðiseftirlitinu.

6. 2305051 - Hjúkrunarheimili, framtíðarskipulag

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa auk fulltrúa frá Öldungaráði og Félagi eldri borgara í Hafnarfirði. Starfshópurinn njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnsýslusviðs. Verkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu um skipulag og staðsetningu hjúkrunarheimila í bænum. Starfshópurinn skal fara fyrir viðræðum við heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila sem koma að uppbyggingu og fjármögnun hjúkrunarheimila. Einnig skal starfshópurinn hafa samráð við aðra aðila, svo sem Öldungaráð og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma og staðsetningar nýrra hjúkrunarheimila eigi síðar en 1. mars nk. en vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk.

Greinargerð:

Þrátt fyrir að ekki hafi bæst við eitt nýtt hjúkrunarrými á kjörtímabili fráfarandi ríkisstjórnar þá hefur breytt fyrirkomulag við uppbyggingu hjúkrunarheimila orðið til þess að nokkrir einkaaðilar hafa lýst yfir áhuga að aðkomu slíkra verkefna. Því er mikilvægt að bæjaryfirvöld hafi skýra stefnu um framtíðar uppbyggingu hjúkrunarheimila í bænum þannig að tryggt sé að vandað verði til verka við ákvörðun slíkra verkefna, t.d. varðandi staðsetningu nýrra hjúkrunarheimila. Ekki er ásættanlegt að einungis verði miðað við hagsmuni einkaaðila sem munu e.t.v. koma að fjármögnun og framkvæmd slíkra verkefna í framtíðinni. Ríkisvaldið getur ekki útvistað alfarið til einkaaðila mikilvægri grunnþjónustu eins og bygging og rekstur hjúkrunarheimila er. Bæjaryfirvöld bera líka ríka ábyrgð á að því að tryggja almannahag í framtíðarskipulagi hjúkrunarrýma í bænum og að hagur íbúa verði tryggður í þeirri uppbyggingu. Af þessum sökum leggja fulltrúar jafnaðarfólks í bæjarstjórn fram þessa tillögu um formlegan samstarfsvettvang bæjarstjórnar vegna málsins.

7. 2301645 - Aukið framboð fjölbreytts húsnæðis

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að ráðast í aðgerðir til þess að tryggja að stærri hluti húsnæðis í bænum nýtist sem heimili fólks. Fyrsta skrefið er að fela skipulags- og byggingaráði að framkvæma úttekt á því hversu margar íbúðir eru í sveitarfélaginu þar sem enginn er skráður með lögheimili og hversu margar íbúðir eru leigðar í skammtímaleigu til ferðamanna. Í framhaldinu verði svo skoðað hvernig tryggt verði að íbúðarhúsnæði nýtist frekar sem heimili fólks en fjárfestingarvara hinna efnameiri. Samhliða er mikilvægt að ráðast í uppbyggingu færanlegra einingarhúsa og breytingu atvinnuhúsnæðis í vandaðar og öruggar íbúðir þar sem það á við. Úttekt skipulags- og byggingaráðs skal lokið eigi síðar en 1. mars nk.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Margt bendir til þess að stór hluti íbúðarhúsnæðis á landinu öllu sé nýttur til skammtímaleigu eða enginn íbúi sé skráður með lögheimili í því. Einnig er ýmislegt sem bendir til þess að talsvert sé um það að einhverjir aðilar eigi nokkrar íbúðir sem nýttar eru í gróðaskyni. Íbúðarhúsnæði á fyrst og fremst að nýtast sem heimili fólks því það að eiga þak yfir höfuðið eru mannréttindi og því mun meiri ástæða til þess að leita allra leiða til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis. Flýta þarf uppbyggingu færanlegra einingarhúsa og breyta atvinnuhúsnæði sem enginn atvinnurekstur er í, í íbúðarhúsnæði. Enginn afsláttur verður þó gefinn af öryggi og brunavörnum. Slík uppbygging eykur framboð íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði og tryggir íbúum aukið framboð hagkvæmra og fjölbreyttra íbúða.

8. 2412667 - Aðgengi fólks með fötlun að almennum vinnumarkaði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að fela fjölskylduráði að leita leiða til þess að styðja við fyrirtæki í sveitarfélaginu til breytinga á atvinnuhúsnæði til þess að auka aðgengi og ýta undir atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. En slæmt aðgengi dregur úr þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði. Fjölskylduráð skal vinna málið í samráði við Samráðshóp í málefnum fatlaðs fólks. Tillögur fjölskylduráðs til úrbóta skulu liggja fyrir 1. mars nk.

Greinargerð:

Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er mikilvægt jafnréttismál og almennur vinnumarkaður er ekki nógu aðgengilegur fötluðu fólki. Úr því þarf að bæta. Fatlað fólk er ólíklegra til að vera ráðið til starfa en ófatlað fólk og því standa ekki nægjanlega fjölbreytt störf til boða. Í 27. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er því lýst hvernig fólk á rétt til vinnu án aðgreiningar. Af þessum sökum er mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og þar hefur Hafnarfjörður sem þriðja stærsta sveitarfélag landsins mikilvægu hlutverki að gegna. Þess vegna er mikilvægt að setja þessi mál í markvissan farveg innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

9. 1901550 - Starfshópur um mótun stefnu í málefnum heimilislausra og hvernig stytta megi biðlista eftir félagslegum íbúðum

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á fót starfshópur skipaður fimm kjörnum fulltrúum til þess að móta heildstæða stefnu málefnum heimilislausra með flóknar þjónustuparfir og gera málaflokkinn sýnilegri í heildarstefnum og aðgerðaáætlunum sveitarfélagsins. Stefnumörkunin skal byggð á niðurstöðum skýrslu samstarfsverkefnis Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Einnig skal starfshópurinn skoða leiðir til þess að hraða fjölgun félagslegra íbúða í eigu Hafnarfjarðar því mikilvægt er að Hafnarfjörður fjölgi félagslegum íbúðum hraðar til þess að stytta biðlista eftir félagslegum íbúðum. Fjölskylduráð setur starfshópnum erindisbréf. Með starfshópnum vinni sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið a eigi síðar en 1. mars nk. en vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk. Auk þess hafi hópurinn samráð við hagaðila sem málið snertir.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hafa málefni heimilislausra verið talsvert til umræðu í

samfélaginu. Í þeirri umræðu hafa ábyrgð og skyldur sveitarfélaga í málaflokknum borið á góma. Í álitum umboðsmanns Alþingis vegna frumkvæðisathugunar hans á húsnæðisvanda utangarðsfólks frá 2017 kom m.a. fram að það hafi komið í hlut Reykjavíkurborgar umfram önnur sveitarfélög að takast á við málefni heimilislausra. Það var svo á vormánuðum 2022 sem velferðarsvið Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflokki heimilislausra. Ein þeirra tillagna var að gera stefnu í málefnum heimilislausra og gera málaflokkinn sýnilegri í heildarstefnum og aðgerðaáætlunum sveitarfélaganna. Því er lagt til að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu í málaflokknum til framtíðar. Skv. nýju minnisblaði sem lagt var fram í fjölskylduráði 10. des. sl. þá kemur fram að

Á undanförunum árum hefur félagslegum íbúðum fjölgað hægt hjá Hafnarfjarðarbæ. Það kallar á kraftmeiri fjárfestingu í kerfinu. Skv. minnisblaði sem lagt var fram í Fjölskylduráði þann 15. okt. sl. þá voru 4 íbúðir keyptar inn í kerfið árið 2023 og á þeim tíma hafði einungis ein íbúð verið keypt inn í kerfið á yfirstandandi ári. Einnig kom fram að þá voru 190 umsóknir á biðlista og 41 þeirra metin í brýnni þörf eftir félagslegu húsnæði. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru langir og margt fólk þar í mikilli neyð. Þess vegna er nauðsynlegt að fjölga markvisst félagslegum íbúðum sveitarfélagsins og setja aukinn kraft í þetta mikilvæga verkefni.

10. 2303181 - Menningarhús í Hafnarfirði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á fót fimm manna starfshópur sem hafi það verkefni að kanna möguleika þess að opnað verði menningarhús í Hafnarfirði. Eitt markmiða menningarhúss er að það geti hýst fjölbreytta flóru menningarstarfs. Hópurinn skal skoða hugmyndir um staðsetningu slíks menningarhúss í bænum og hvernig rekstri á því verði best háttað. Menningar- og ferðamálanefnd setji starfshópnum erindisbréf og verkefnastjóri menningar- og ferðamála starfi með hópnum. Starfshópurinn skal skila tillögum sínum eigi síðar en 1. maí nk. Auk þess hafi hópurinn samráð við hagaðila sem málið snertir.

Greinargerð:

Markmiðið með menningarhúsi í Hafnarfirði er m.a. að efla bæinn sem miðpunkt menningar og auka lífsgæði íbúa og laða að gesti. Forsenda þess að menningarhús virki sem skyldi er að það geti hýst margar og ólíkar listgreinar. Staða leikhúsa og leikfélaga er t.a.m. afar veik í bænum en Leikfélag Hafnarfjarðar hefur verið lagt niður og Gaflaraleikhúsið hefur ekki lengur aðstöðu til sýninga í bænum. Brýnt er að bæta úr þessari stöðu. Menningarhús gæti verið liður í því fyrir utan að það gæti glætt bæinn enn meira lífi og eftir bæjarbraginn.

11. 1811277 - Menntastefna

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn samþykkir að settur verður á laggirnar stýrihópur fimm kjörinna fulltrúa með það markmiði að tryggja að áherslur og markmið menntastefnu Hafnarfjarðar 2020-2030 nái fram að ganga. Hópnum er jafnframt ætlað til að bregðast við niðurstöðum innra mats grunnskóla Hafnarfjarðar og bregðast við ákalli um frekari stuðning inn í grunnskólum og gera áætlun um innleiðingu og úrræði sem styðja við framgang stefunnar. Hópurinn skili fyrstu tillögum til aðgerða vorið 2025 og njóti liðsinnis fræðsluviðs og annarra stofnana

Hafnarfjarðarbæjar eftir atvikum. Auk þess hafi hópurinn samráð við hagaðila sem málið snertir.

Greinargerð

Í menntastefnu Hafnarfjarðar fyrir árin 2020-2030, sem var kynnt fyrr í haust er lögð áhersla á öruggt námsumhverfi til leiks og starf. Í henni er jafnframt kveðið á um snemmbæran stuðning, forvarnir og þverfaglega samvinnu innan skóla. Það þarf að styðja frekar við sí- og endurmenntun kennara. Auka við stuðning innan veggja grunnskóla og tryggja að nemendur með fjölþættan vanda njóti stuðnings til náms og þroska. Þess þá heldur til að styðja frekar við öruggt námsumhverfi innan skólanna. Í skólapúlsinum og innra mati grunnskóla Hafnarfjarðar er samhljómur um að auka þurfi stuðning til að tryggja öruggt starfs- og námsumhverfi allra innan veggja grunnskólans.

Áætlanir og ársreikningar

12. 2403380 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2025 og 2026-2028, síðari umræða

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 28.nóvember sl.

Lögð fram drög að gjaldskrá 2025 og greingargerð fjárhagsáætlunar 2025.

Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri mætir til fundarins.

Vísað til seinni umræðu um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn sem fer fram 12. desember nk.

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2025 og langtímaáætlun 2026-2028. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Fjárhagsáætlun 2025 og langtímaáætlun 2026 ? 2028 er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Til máls taka Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

Þá tekur Jón Ingi Hákonarson til máls og leggur fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlunavinnu:

Fræðsluráð

Árskort í strætó

Niðurgreiðsla á Árskortum í strætó Við leggjum til að styrkja ungmenni til almenningsgangna, með því að börn sem eru 12 til 16 ára, með lögheimili í Hafnarfirði geti sótt um niðurgreiðslu á árskortum í strætó. Þetta er sá aldurshópur sem fellur ekki undir frístundabilinn, þarf því að koma sér sjálf til og frá í tómsundur. Því leggur fulltrúi Viðreisnar til að í Fjárhagsáætlun Fræðsluráðs verði skoðaðar leiðir til þess að fjármagna niðurgreiðslu árskorta barna og ungmenna í strætó. Það sé bæði ávinningur fyrir strætó, til þess að halda áfram að geta þjónustað og ýtir undir að framtíðarkynslóðir nýti sér almenningsamgöngur. Lagt er til að fyrst árið verði niðurgreiðsla um 25% og hækkir um 15 prósentu stig á hverju ári á meðan Strætó lækkar ekki gjöld barna og ungmenna.

Menntastefna

Fjármagn verði eyrnamerkt verkefni sem snýr að því að styrkja sjálfsmynd nemenda. Viðreisn leggur til á komandi starfsár menntastofnanna Hafnarfjarðar verði markið sett hátt í að byggja upp sterka sjálfsmynd nemenda og þannig auka vellíðan þeirra. Starfsfólk Menntastofnanna Leyfa röddum starfsmanna leik- og grunnskóla bæjarins að heyrast í öllu skipulagi tengdu skólunum og starfinu þeirra. Viðreisn leggur til að fræðsluráð festi fundi 1-2 á ári þar sem ráðið allt hitti starfsmenn skólanna og fái að kynnast starfsemi allra menntastofnanir bæjarins, á þeirra heimavelli.

Skólar og félagsmiðstöðvar

Viðreisn leggur til að fjármagn sé lagt til og eyrnamerkt námsáætlun þar sem markmiðið er að kenna fjármálalæsi, vinnusiðferði, sjálfstæði og borgaraleg réttindi.

Námstæki í Grunnskólum. Ný áætlun um endurnýjun á vinnutækjum nemenda, horft sé frá innleiðing um á spjaldtölvum og unnið sé að því að fartölvu væða Grunnskóla Hafnarfjarðar. Starfsfólk Frístundastarfs Efla enn frekar faglegt starf starfsmanna í frístundastarfi með því að auka faglegt starfsgildi á hverri starfsstöð.

Frístundir

Viðreisn leggur til að öllum 5 ára börnum gefist tækifæri til að prófa mismunandi tólmstundir án skuldbindinga. Og að krafa sé gerð um aðgengi fyrir börn með sérþarfir og með annað móðurmál en íslensku. Leikskólar Farið verði í markvissa vinnu í hverjum leikskóla þar sem rými eru skoðuð út frá áhættu vegna álags á starfsmenn og börn. Álag vegna rýmis og notkun þess getur falið í sér heilsufarsáhrif á bæði starfsmenn og börn.

Forvarnir

Aukið stöðugildi forvarnafulltrúa í 100% Lagt er til að sett sé fjármagn í að auka stöðugildi forvarnafulltrúa í 100% starf til að hægt sé að styðja enn betur við forvarnir bæjarins. Jafnframt leggjum við til að endurnýjað Faghóp Forvarnar bæjarins og unnið að endurnýjun forvarnarstefnu bæjarfélagsins.

Fjölskylduráð

1. Efla enn frekar samstarf við félagasamtök aldraðs fólks um fjölbreytta húsnæðisuppbyggingu í öllum hverfum, hvort sem um er að ræða íbúðir til kaups eða leigu á viðráðanlegu leiguverði.
2. Að fjölga stöðugildum í heimaþjónustu þannig að eldra fólk geti búið lengur í sjálfstæðri búsetu og einnig til að sporna gegn félagslegri einangrun þessa aldurshóps.
3. samræma tekjuviðmið frístundastyrks eldra fólks þannig að fleiri fái hans notið. Hér mætti horfa til að mynda til tekjuviðmiða fasteignagjalda.
4. Að vinnu við skipan starfshóps um framtíðarsýn í málefnum fólks með fötlun verði lokið hið fyrsta. Notast má við upprunaleg drög að erindisbréfi sem kynnt voru í Fjölskylduráði 23. janúar og 6. febrúar á þessu ári, en þó skal bæta því við að starfshópurinn sé skipaður fulltrúum allra flokka sem sæti eiga í Bæjarstjórn, ásamt fulltrúum viðeigandi hagsmunafélaga. Að auki skal bæta í hlutverk og markmið hópsins að hann skuli skoða sérstaklega hvort tilefni sé til að halda stefnufund eða málþing um framtíðarsýn í málaflokknum. Afar langt er

síðan slíkt þing var haldið og mikilvægt er að sem flestar raddir fái að heyrast þegar um jafn mikilvægt málefni og þetta er um að ræða.

5. Að Hafnarfjörður ráðist í formlega stefnumótun um innleiðingu og notkun velferðartækni, með það að markmiði að auðvelda fólki að búa á eigin heimili við betri lífsgæði, þrátt fyrir öldrun, fötlun eða veikindi. Horft verði sérstaklega til Akureyrarbæjar og Reykjavíkur í þessum efnum. Settur verði á laggirnar starfshópur, skipaður fulltrúum allra flokka sem sæti eiga í Bæjarstjórn, ásamt fulltrúum viðeigandi hagsmunafélaga og/eða sérfræðinga sem skal sjá um stefnumótunina.

Umhverfis og Framkvæmdaráð

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að sett verði aukið fjármagn til að mæta uppsafnaðri viðhaldsþörf hjá grunn- og leikskólum bæjarins. Eins leggur fulltrúinn áherslu á að nauðsynlegt fjármagn verði tryggt til að bæta loftgæði og hljóðvist ásamt því að bæta og laga grunn- og leikskólalóðir svo fátt eitt sé nefnt. Viðreisn leggur einnig áherslu á að lagt verði fjármagn og unnið að áætlun um endurnýjun á öllu lagnakerfi bæjarins, hvort sem það er fráveitulagnir, hitaveitu- og kaldavatnslagnir.

Hvað samgöngur varðar þá leggur Viðreisn til að mótuð verði sérstök samgöngustefna fyrir Hafnarfjarðarbæ og innleiði hana eigi síðar en árið 2026. Í stefnunni verði m.a. lagt upp með að efla gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði við að innleiða samgöngusamninga til þess að styðja við notkun á almenningsamgöngum. Einnig með því

að leggja áfram fjármagn í hjólréiðáætlun bæjarins, fjölga hjólastæðum innan bæjarins, ásamt því að auka samtalið við nágrannasveitarfélög um tengingar á hjóla-/göngustígum milli sveitafélaga. Aðstæður við Reykjanesbrautina frá N1 við Lækjargötu og að Kaplakrika eru ekki boðlegar og skera fallega bæinn okkar í sundur. Viðreisn leggur til að fjármagn verði lagt í að koma framtíðaráætlun á laggirnar til þess að setja Reykjanesbraut í stokk, þar sem öll sú mikla og

þunga umferð sem fer um Reykjanesbrautina beint í gegnum bæinn liggir í stokknum og innanbæjarumferðin fái að fljóta ofan á. Þannig verður til byggingarland á mjög góðum stað og hægt verður að sameina bæinn aftur.

Viðreisn leggur áherslu á að fjölga grænum svæðum með því að klára að fullmóta þau og koma í framkvæmd sem allra fyrst. Að slík svæði séu gerð aðgengilegri svo þau nýtist bæjarbúum betur og gera þau fjölskylduvænni. Hafnarfjörður á sér einstaka sögu og leggur Viðreisn til að Hafnarfjarðarbær styðji við og styrki húseigendur sem vilja kynna sögu húsa sinna með skiltum fyrir framan húsin. Það eykur ekki bara áhuga húseigenda á að halda til haga sögu húsanna heldur getur slíkt vakið áhuga þeirra sem heimsækja bæinn.

Skipulags og byggingarráð

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að teknað verði frá 10 milljónir til að hraða stafrænni þróun á sviðinu. Það er ljóst að slík þörf er á því að hraða stafvæðingu þar sem slík fjárfesting leiðir til mikillar lækkunar á rekstrarkostnaði.

Bæjarráð

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að 13 milljónum verði lagðar í eitt stöðugildi verkefnastjóra stafrænnar þróunar. Til stendur að bæta við þessu stöðugildi en það á að fjármagna með því að minnka aðkeypta þjónustu. Við teljum mikilvægt að hraða þessari þróun þar sem fjárhagslegur ávinningur í formi lækkunar rekstrarkostnaðar er umtalsverður og mælanlegur.

Þá tekur Árni Rúnar Þorvaldsson og leggur fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlun:

1. Aukið framboð fjölbreytts húsnæðis

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að ráðast í aðgerðir til þess að tryggja að stærri hluti húsnæðis í bænum nýtist sem heimili fólks. Fyrsta skrefið er að gerði verði úttekt á því hversu margar íbúðir eru í sveitarfélaginu þar sem enginn er skráður með lögheimili og hversu margar íbúðir eru leigðar í skammtímaleigu til ferðamanna. Í framhaldinu verði svo skoðað hvernig tryggt verði að íbúðarhúsnæði nýtist frekar sem heimili fólks en fjárfestingarvara hinna efnameiri. Samhliða er mikilvægt að ráðast í uppbyggingu færanlegra einingarhúsa og breytingu atvinnuhúsnæðis í vandaðar og öruggar íbúðir þar sem það á við.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í bæjarráði og skipulags- og byggingaráði milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu í bæjarstjórn í síðari umræðu í bæjarstjórn.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Margt bendir til þess að stór hluti íbúðarhúsnæðis á landinu öllu sé nýttur til skammtímaleigu eða enginn íbúi sé skráður með lögheimili í því. Einnig er ýmislegt sem bendir til þess að talsvert sé um það að einhverjir aðilar eigi nokkrar íbúðir sem nýttar eru í gróðaskyni. Íbúðarhúsnæði á fyrst og fremst að nýtast sem heimili fólks því það að eiga þak yfir höfuðið eru mannréttindi og því mun meiri ástæða til þess að leita allra leiða til þess að auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis. Flýta þarf uppbyggingu færanlegra einingarhúsa og breyta atvinnuhúsnæði sem enginn atvinnurekstur er í, í íbúðarhúsnæði. Enginn afsláttur verður þó gefinn af öryggi og brunavörnum. Slík uppbygging eykur framboð íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði og tryggir íbúum aukið framboð hagkvæmra og fjölbreyttra íbúða.

2. Húsnæðisskrifstofa - fjölgun félagslegra íbúða

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að framlag til fjárfestingar í félagslega íbúðakerfinu verði 400 milljónir á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að Húsnæðisskrifstofa geti gengið frá kaupum á u.þ.b. 15 íbúðum á næsta ári, enda er gert ráð fyrir því, að fasteignalán fylgi íbúðunum, sem staðið verði skil á að verulega leyti með leigugreiðslum notenda.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Fjölskylduráði og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur félagslegum íbúðum fjölgað afar hægt hjá Hafnarfjarðarbæ. Það kallar á kraftmeiri fjárfestingu í kerfinu. Framlag til kaupa á íbúðum í félagslega kerfið var 250 milljónir á yfirstandandi ári og mikið verk er óunnið í þessum mikilvæga málaflokki. Í dag eru 190 umsóknir á biðlista eftir félagslegu húsnæði og af þeim eru 41 metnar í brýnni þörf. Alltof hægt hefur gengið að fjölga íbúðum í félagslega íbúðakerfinu en á yfirstandandi kjörtímabili

hafa einungis 7 íbúðir verið keyptar inn í kerfið eða rétt rúmlega 2 íbúðir á ári. Ljóst er að fjölgunin þarf að vera mun hraðari til þess að vinna á biðlistum. Á bak við þessar umsóknir eftir íbúðum eru hundruðir einstaklinga og fjölskyldna sem margir hverjir eru í sárri neyð vegna stöðu sinnar á húsnæðismarkaði. Þess vegna er nauðsynlegt að fjölga markvisst félagslegum íbúðum sveitarfélagsins og setja aukinn kraft í þetta mikilvæga verkefni. Á yfirstandandi ári stefndi Reykjavík að því að fjölga félagslegum íbúðum um 90. Ef Hafnarfjörður ætlaði sér að fjölga hlutfallslega jafn mikið og Reykjavík þá þyrfti fjölgunin að nema um 16 íbúðum á ári. Hér er þörf á átaki, ekki bara á næsta ári heldur líka til lengri tíma svo vinna megi bug á þeim biðlistum sem til staðar eru vegna þessa mikilvæga úrræðis.

3. Opinn kynningarfundur - íbúafundur um fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að á milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn verði haldinn opinn kynningarfundur fyrir íbúa þar sem fjárhagsáætlun 2025 og 2026-2028 verður kynnt fyrir íbúum.

Greinargerð:

Virkt íbúalýðræði á að vera í öndvegi við stjórnun sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að íbúar hafi fjölbreytt tækifæri til þess að kynnast starfsemi sveitarfélagsins og möguleika til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri milliliðalaust við bæjarstjórn og stjórnendur bæjarfélagsins. Fjárhagsáætlun er mikilvægasta stefnumótunartæki þess meirihluta sem situr hverju sinni. Því er mikilvægt að bæjarbúar fái góða og ítarlega kynningu á þeirri stefnumótun sem þar er að finna og hafi tækifæri til þess að leggja fram spurningar og koma með athugasemdir.

Næst tekur Auður Brynjólfsdóttir til máls og leggur fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlun:

1. Frístundastyrkur - tillaga um hækkun (auður flytur)

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frístundastyrkur fyrir börn og ungmenn verði alls 65 þúsund krónur á hvern einstakling á ári frá og með 01.01.2025 og verði svo 75 þúsund krónur á hvern einstaklinga frá og með 01.01.2026. Viðbótarkostnaður verði um 50 milljónir á næsta fjárhagsári.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í Fræðsluráði og Íþrótt- og tómstundanefnd milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu í síðari umræðu um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn.

Greinargerð: Mikilvægi frístundastyrksins er óumdeilt og skiptir máli fyrir börn og ungmenni bæjarins og fjölskyldur þeirra. Enda var það baráttumál jafnaðarfólks að koma frístundastyrknum á fót hér í Hafnarfirði á sínum tíma. Með slíku framlagi er þess freistað að sem flest börn og ungmenni geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun. Við gerð síðustu fjárhagsáætlunar felldu fulltrúar meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tillögu Samfylkingarinnar um 10 þúsund króna hækkun frístundastyrksins milli ára lögðu þess í stað fram tillögu um 3 þúsund króna hækkun. Nú í haust felldu svo fulltrúar meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks enn og aftur tillögur

Samfylkingarinnar um hækkun frístundastyrksins og málið hefur þvæst fram og til baka í Fræðsluráði frá því að sú tillaga var lögð fram. Nú er rétti tíminn fyrir bæjarstjórn að leggja línurnar í þessum málum. Þess vegna leggjum við jafnaðarfolk fram þessa tillögu um löngu tímabæra hækkun á frístundastyrknum fyrir börn og ungmenni á næstu tveimur árum.

2. Frístundastyrkur - 5 ára börn (auður flytur)

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að frá og með 01.01.2025 verði frístundastyrkur barna og ungmenna í boði fyrir 5 ára börn að upphæð 65.000 kr. á ári.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til umfjöllunar í Fræðsluráði og Íþrótt- og tómstundanefnd milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu í síðari umræðu um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn.

Greinargerð: Frístundastyrkur Hafnarfjarðar er í dag fyrir börn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára. Lengi hefur verið rætt um að útvíkka hann þannig að fleiri börn eigi kost á að nýta sér styrkinn. Þessi tillaga felur í sér að frístundastyrkurinn verður frá og með 01.01.2025 í boði fyrir 5-18 ára börn og ungmenni í stað 6-18 ára eins og er í dag. Með þessari tillögu er þess freistað að enn fleiri börn í Hafnarfirði geti tekið þátt í uppbyggilegri tómstunda- og/eða íþróttaiðkun.

Þá tekur Stefán Már Gunnlaugsson til máls og leggur fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlun:

1. Hjúkrunarheimili, framtíðarskipulag (Stefán)

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa auk fulltrúa frá Öldungaráði og Félagi eldri borgara í Hafnarfirði. Starfshópurinn njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnarsýslusviðs. Verkefni hópsins er að móta framtíðarstefnu um skipulag og staðsetningu hjúkrunarheimila í bænum. Starfshópurinn skal fara fyrir viðræðum við heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila sem koma að uppbyggingu og fjármögnun hjúkrunarheimila. Einnig skal starfshópurinn hafa samráð við aðra aðila, svo sem Öldungaráð og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma og staðsetningar nýrra hjúkrunarheimila eigi síðar en 1. mars nk. en vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. maí nk.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Fjölskylduráði, Skipulags- og byggingaráði og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu í síðari umræðu bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun. Auk þess verði tillagan send til umsagnar Öldungaráðs og Félags eldri borgara.

Greinargerð:

Þrátt fyrir að ekki hafi bæst við eitt nýtt hjúkrunarrými á kjörtímabili fráfarandi ríkisstjórnar þá hefur breytt fyrirkomulag við uppbyggingu hjúkrunarheimila orðið til þess að nokkrir einkaaðilar hafa lýst yfir áhuga að aðkomu slíkra verkefna.

Því er mikilvægt að bæjaryfirvöld hafi skýra stefnu um framtíðar uppbyggingu hjúkrunarheimila í bænum þannig að tryggt sé að vandað verði til verka við ákvörðun slíkra verkefna, t.d. varðandi staðsetningu nýrra hjúkrunarheimila. Ekki er ásættanlegt að einungis verði miðað við hagsmuni einkaaðila sem munu e.t.v. koma að fjármögnun og framkvæmd slíkra verkefna í framtíðinni. Ríkisvaldið getur ekki útvistað alfarið til einkaaðila mikilvægri grunnþjónustu eins og bygging og rekstur hjúkrunarheimila er. Bæjaryfirvöld bera líka ríka ábyrgð á að því að tryggja almannahag í framtíðarskipulagi hjúkrunarrýma í bænum og að hagur íbúa verði tryggður í þeirri uppbyggingu. Af þessum sökum leggja fulltrúar jafnaðarfólks í bæjarstjórn fram þessa tillögu um formlegan samstarfsvettvang bæjarstjórnar vegna málsins.

2. Aðgengi fólks með fötlun að almennum vinnumarkaði (Stefán)

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að styðja við fyrirtæki í sveitarfélaginu til breytinga á atvinnuhúsnæði til þess að auka aðgengi og ýta undir atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. En slæmt aðgengi dregur úr þátttöku fatlað fólks á vinnumarkaði.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Fjölskylduráði og Samráðshópi um málefni fatlaðs fólks milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu við síðari umræðu bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun.

Greinargerð: Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er mikilvægt jafnréttismál og almennur vinnumarkaður er ekki nógu aðgengilegur fötluðu fólki. Úr því þarf að bæta. Fatlað fólk er ólíklegra til að vera ráðið til starfa en ófatlað fólk og því standa ekki nægjanlega fjölbreytt störf til boða. Í 27. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er því lýst hvernig fólk á rétt til vinnu án aðgreiningar. Af þessum sökum er mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og þar hefur Hafnarfjörður sem þriðja stærsta sveitarfélag landsins mikilvægu hlutverki að gegna. Þess vegna er mikilvægt að setja þessi mál í markvissan farveg innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Lagt er til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ásamt framlögðum tillögum að viðbótum verði vísað til þeirra ráða og nefnda sem tilekna eru með hverri tillögu eða við á. Tillögu um íbúafund verði vísað til bæjarráðs.

Samþykkt Samhljóða.

Lagt er til að fjárhagsáætlun verði vísað áfram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Árni Rúnar kemur að svohljóðandi bókun.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:
Enn og aftur eru staðfest þau sannindi, sem jafnaðarmenn hafa ítrekað bent á hin síðustu ár við framlagningu fjárhagsáætlunar meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á kjörtímabilinu; nú vegna áætlunar fyrir árið 2025 og langtímaáætlunar fyrir 2026-2028. Það er viðvarandi skortur er á framtíðarsýn, áræði og markvissri uppbyggingu hjá meirihluta helmingaskiptaflokkanna. Aftur skal tjaldað til einnar nætur og reynt að bjarga aðkallandi verkefnum fyrir horn

með skammtímalausnum.

Ljóst er að rekstrarafkoma bæjarins er ekki viðunandi enda stefnir í rekstrarhalla í lok yfirstandandi árs. Það þýðir á mæltu máli að frá sameiginlegum tekjum er ekki að finna fjármuni til verklegra framkvæmda né til nýrra og yfirstandandi varanlegra fjárfestinga.

Á hinn bóginn er áfram treyst á lóðasölu og lántöku til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu, en nauðsynlegri innviðauppbýggingu sem gatnagerðargjöld og byggingarréttargjöld eiga að standa undir í nýjum hverfum og á þéttingarreitum er slegið á frest og til síðari tíma. Hröð uppbygging og miklar tekjur af lóðasölu í Hamraneshverfinu er dæmi um þetta, en tekjur hafa komið hratt inn en innviðauppbýggingu svo sem nýjum grunn- og leikskóla er ýtt á undan sér svo lengi sem unnt er.

Tekjuaukning er umtalsverð milli ára, en samt hækka skuldir sveitarfélagsins. Áætlunin gerir ráð fyrir því að hver Hafnafirðingur, börn og fullorðnir, skuldi samkvæmt því meira en 2 milljónir á mann.

Aftur er treyst á lóðasölu til að velta áfram fjárhag bæjarins. Hins vegar mun þrengjast um, þegar engar fjölbýlishúsalóðir eru nú lausar til úthlutunar á bæjarlandi, fyrir utan þéttingarreiti á Hraun vestur og á Óseyri, þar hefur fátt gerst á yfirstandandi ári, þótt hreyfing hafa orðið á síðarnefnda svæðinu á síðustu vikum. Ekkert er þó fast í hendi um að framkvæmdir hefjist þar hið fyrsta. Samfylkingin hefur ítrekað krafist þess að sett verði í forgang að útvíkka svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og marka ný byggingarsvæði fyrir íbúðabyggð í Hafnafirði. Ekkert hefur miðað í þeim efnum og það m.a. gert það að verkum að Hafnarfjörður hefur ekki treyst sér til að ganga frá mikilvægu rammisamkomulagi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Innviðaráðuneyti, sem myndi vera mikilvægur hvati til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í Hafnafirði.

Það er víða metnaðarleysi í þessari áætlun. Svo sem varðandi uppbyggingu félagslegs húsnæðis í bænum. Þar miðar hægt og 2- 3 íbúðir keyptar árlega á sama tíma og Reykjavíkurborg kaupir um 90 íbúðir árlega. Miðað við íbúðafjölda ætti Hafnarfjörður að kaupa eða reisa sem svarar 16 íbúðir árlega til að vera á pari við Reykjavík. Þarna skilur að himinn og haf. Og eðlilega lengist biðlisti þeirra sem eru í brýnni þörf eftir þaki yfir höfuðið.

Sum stór verkefni er ekki að finna í áætluninni. Má þar nefna kostnað vegna uppkaupa lóða og gatnagerðaframkvæmda vegna áformaðs flutnings Tækniskólans til Hafnarfjarðar, áform um um byggingu nýrrar stórskipahafnar í Straumsvík, áformuð uppkaup bæjarins á knatthúsinu Skessunni, viðbótarhúsnæði fyrir Tónlistarskóla Hafnarfjarðar sem var lofað í byrjun kjörtímabils, húsnæði fyrir Gaflaraleikhúsið og Leikfélags Hafnarfjarðar, svo örfá dæmi séu nefnd.

Samfylkingin, jafnaðarflokkur Íslands, mun hér eftir sem hingað til taka málefnalega afstöðu til áætlunarinnar og leggja fram sínar tillögur fyrir síðari umræðu. Rétt er að minna á að Samfylkingin hefur lagt fram tugi full fjármagnaðra tillagna við afgreiðslu fjárhagsáætlunar á kjörtímabilinu, en meirihluti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fellt nánast allar án rökstuðnings eða skýringar. Það sýnir meira en annað, að víðsýni og framtíðarsýn er að litlu leyti til staðar hjá þessum meirihluta flokkum. Jafnaðarmenn munu ekki láta deigan síga og hamra járníð.

Milli umræðna munu fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarstjórn og nefndum og ráðum óska frekari upplýsinga um einstaka liði og málaflokka eftir efnum og aðstæðum. Gengið er út frá því að svör fáiast við þeim umleitunum fljótt og vel. Þá hefur Samfylkingin lagt fram nokkrar tillögur, sem skýra sig sjálfar, þar sem einnig er lagt til að þær fari til nánari skoðunar hjá ráðum og nefndum sem og hagaðilum á milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi þá með umsögnum til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar í desember, þegar fjárhagsáætlun 2025 og langtímaáætlun 2026- 2028 verður afgreidd.

10.12.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri